

## Ársskýrsla Vorstehdeildar fyrir starfsárið 2009 – 2010

Síðasti ársfundur Vorstehdeildar var haldinn fyrir hefðbundinn ársfundartíma, eða 6. Febrúar, vegna sérstakra ástæðna. 2 stjórnarmenn höfðu sagt sig úr stjórn deildarinnar með stuttum fyrirvara og var að fengnu leyfi stjórnar HRFI ársfundi deildarinnar flýtt af þeim sökum.

Á fundinum voru kjörnir 3 nýjir stjórnarmenn, þeir Einar Páll Garðarsson, Hannes Bjarnason og Kjartan Antonsson.

Stjórn skipti með sér verkum eins og reglur kveða á um á fyrsta stjórnarfundum eftir ársfund og var Kjartan Antonsson kosinn einróma sem formaður deildarinnar af öðrum stjórnarmeðlimum og Einar Hallsson var kosinn ritari deildarinnar.

Byrjað var að keyra eftir nýju stigakerfi fyrir Vorsteh-hunda þar sem bæði sýningar og veiðiprófsárangrar telja. Var þetta gert til að hvetja eigendur Vorsteh-hunda til að taka bæði þátt í veiðiprófum og sýningum. Hefur þetta fyrirkomulag mælst vel fyrir og hefur meðal annars klúbbur Enskra Seta á Íslandi kynnt svipað stigakerfi fyrir Ensku Setana.

Æfingagöngur voru einu sinni í viku fram eftir vori og var oftast mjög góð mæting og mæltust þær vel fyrir. Nokkrum sinnum mætti fólk sem ekki átti hund til að kynna sér grúppu 7 hunda, en allar tegundir grúppu 7 hunda voru að sjálfsögðu velkomnar á þessar æfingar.

Var það álit allra sem mættu að göngur sem þessar með reyndum æfingastjórum væru nauðsynlegar, sérstaklega hjá fólki sem var að kynna sér fuglahundasportið.

Vorstehdeild stóð fyrir þremur veiðiprófum árið 2009. Tvö próf á heiðinni og eitt alhliðapróf. Vel þótti til takast í öllum prófunum og mikill metnaður í þau lögð. 3 dómarar frá Noregi dæmdu prófin ásamt Guðjóni Arinbjarnar. Vorprófið dæmdu þeir Lorenzo Wiese-Hansen og Guðjón Arinbjarnar. Haustprófið dæmdu svo þeir Guðjón Arinbjarnar og Per Olai Stromner.

Mikil vinna var lögð í það dagana fyrir próf að finna svæði þar sem nóg væri um rjúpur.

Sú vinna skilaði sér í því að flest allir ef ekki allir hundar áttu möguleika á fugli í sínum sleppum.

Eitt alhliðapróf var haldið á vegum deildarinnar. Mikið og skemmtilegt starf varð til vikunnar fyrir prófið.

Haldnar voru 6 æfingar fyrir prófið, ein í hverri viku. Tvær æfingar fóru í að æfa sókn í vatni, tvær í sporaleit og tvær í frjálsa leit.

Mikill metnaður var lagður í þetta próf og var Bergþóri Antonssyni boðið að koma frá Noregi og dæma prófið.

Bergþór er eini Íslenski dómari sem er með sérmenntun til að dæma alhliðaveiðipróf. Mikil aukning var á þátttöku milli ára í alhliðaprófinu, 11 hundar tóku þátt árið 2009 en 7 hundar árið 2008 sem sýnir best áhugann á þessum prófum.

Margir komu að þessu prófi og er ekki hægt að láta hjá líða að þakka Einari Hallssyni sérstaklega, en hann styrkti deildina um flugfar fyrir Bergþór til Íslands.

Einnig þakkar stjórn Vorstehdeildar þeim Jóni Garðari og Sigurði Ben fyrir alla aðstoðina í kringum æfingar, hinum margreynda prófstjóra Óla Gordon fyrir prófstjórn og Jóni Hákonni fyrir frábæra aðstöðu í sumarbústað fjölskyldunnar á prófdag, þetta hefði verið mun erfiðara ef þeirra hjálpar hefði ekki notið við.

Sponsorar prófa Vorstehdeildar á starfsárinu voru Aflmark sem selur meðal annars Robur hudafóður sem mörg okkar þekkja og hafa ófáir vinnuhundar sem náð hafa langt verið fóðraðir á.

Veiðihúsið Sakka sem selur meðal annars hinar rómuðu Benelli haglabyssur ásamt öðrum veiðigír sem reynst hefur Íslensku veiðifólki mjög vel.

Veiðibúðin Vesturröst sem allir þekkja, enda rótgróin veiðiverslun sem sinnt hefur þörfum margra veiðimanna í gegnum árin.

Vistor innflutningsaðili Hills hundafóðurs styrkti einnig deildina með verðlaunum í próf deildarinnar.

Einnig studdi stjórn Vorstehdeildar verðlaun í prófin og gefur einnig verðlaun fyrir stigahæðstu hunda í UF og OF ár hvert.

Þakkar stjórn Vorstehdeildar veittan stuðning.

Á starfsárinu hafa verið haldnar 6 sýningar á vegum HRFI. Eigendur Vorstehunda hafa verið mjög duglegir að taka þátt í viðburðum HRFI og eru sýningar þar engin undantekning. Vorsteh hafa undanfarin ár verið með um og yfir 50% skráninga grúppu 7 hunda á sýningum. Undantekningalaust gekk öllum Vorsteh-hundum mjög vel á sýningum HRFI.

Þrjú deildarfundir voru á starfsárinu og var ágætis mæting á þá fundi.

Vorstehdeild áætla að halda 3. veiðipróf árið 2010. Eitt alhliðapróf og tvö próf á heiðinni. Vorprófið verður haldið dagana 16-18 apríl og koma tveir Norskir dómara til með að dæma það próf. Kynning á dómurum er væntanleg á heimasíðu Vorsteh-deildar fljótlega.

Alhliðaprófið verður svo haldið 7. ágúst, en uppi eru hugmyndir um að hafa tveggja daga próf. Er það gert bæði til að nýta sem best erlendan dómara sem kemur til með að dæma það próf og þá er að sjálfsögðu meiri möguleiki fyrir þátttakendur að landa góðri einkunn (eða punktum) ef eitthvað fer úrskaiðis annan daginn.

Hauptprófið verður svo haldið 24-26. september og verður einn Íslenskur dómari og einn erlendir sem koma til með að dæma það próf.

Verður það auglýst á heimasíðu þegar nær dregur.

Samtals voru skráningar í 3 veiðipróf Vorsteh-deildar 76 talsins. Er það mat stjórnar að það sé viðunnandi skráning miðað við heildarfjölda veiðiprófa sem haldin voru árið 2009. Það er þó umhugsunarefni og verkefni næstu stjórnar að ganga úr skugga um hvort prófadagskrá sé orðinn of þétt í fuglahundaspörtinu. Til dæmis eru 5 veiðipróf síðustu 5 helgarnar í vor og þrátt fyrir áhuga margra, þá neyðist fólk til að velja og hafna í þessum prófum.

Einnig telur stjórn Vorstehdeildar að það sé umhugsunarefni hvort ásættanlegt sé að fuglahundadeildir innan HRFI séu halda veiðipróf þegar komið er inn í maí mánuð.

Þá er rjúpan langt komin að varpi og ekki gott fyrir hana að verða fyrir sífelldri truflun á þeim tíma. Einnig reynir minna á eðlislæga veiðieiginleika hundanna, nefið þar sem rjúpan er enn snjóhvít í dökkum móanum og því meira um sjónstanda.

Auk veiðiprófa sem Vorstehdeild stóð fyrir má nefna að dómariinn Lorenzo Wiese-Hansen hélt fyrirlestur um reglur veiðiprófa í Bandríkjunum ásamt öðru umræðu efni. Góð mæting var á fyrirlesturinn og svaraði Lorenzo fjölda fyrirspurna um allt sem viðkemur sportinu.

Í haustprófi Vortstehdeildar kom svo hingað til lands Anne Liv Sollesnes, en hún kom gagngert til að kynna sér starfsemi HRFI og skrifa um Vorsteh prófið í máli og myndum, sem kom út í Norska fuglahundinum í janúar síðastliðnum og fengum við góða umfjöllun í þeirri grein.

Stjórn Vorstehdeildar gerði 3. ára samstarfssamning við Aflmark ehf sem selur meðal annars Robur hundafóður, sem mörg okkar þekkja. Hafa margir fuglahundar sem náð hafa góðum árangri í erfiðum prófum og keppnum verið fóðraðir á Robur fóðri sem segir allt um gæðin í Robur fóðri. Ásamt hundafóðri selur Aflmark einnig ýmsar aðrar hundavörur sem hægt er að kynna sér á heimasíðu þeirra.

Stjórn Vorstehdeildar hlakkar til samstarfsins við Aflmark og þakkar þeim Vilhjálmi Ólafssyni og Guðjóni Arinbjarnar fyrir góðar undirtektir við umleitun Vorstehdeildar um samstarf.

Samskipti við HRFI á starfsárinu hafa verið mjög góð í alla staði og þakkar stjórn Vorstehdeildar fyrir þau góðu samskipti.

Stjórn Vorstehdeildar hefur meðal annars sent inn eftirfarandi sem lýtur að fuglahundasportinu á einn eða annan hátt. Mótmælt var erindi Ferdinands Hansen fuglahundadómara þar sem hann vildi að eingöngu yrði leyft að nota máfa í alhliðaveiðiprófum.

Voru helstu rökin þau að flestir eigendur Vorsteh-hunda væru að veiða allta annað en máf, við erum að veiða villibráð.

Hinsvegar var því ekki mótmælt ef þátttakendur vildu eingöngu nota máf, en það væri þá að þeirra ósk.

Var þessu erindi Ferdinands hafnað af stjórn HRFI.

Einnig liggur nú inná borði stjórnar HRFI krafa stjórnar Vorstehdeildar um að nafni FHD verði breytt, en það stendur fyrir eins og flestir vita Fuglahundadeild. Er það skoðun stjórnar að nafnið samrýmist ekki jafnræði, þar sem 3. fuglahundadeildir eru starfandi á Íslandi í dag.

Gætt hefur misskilnings á nafni Fuglahundadeildar hjá fólki sem er að hugsa um að fá sér fuglahund, og halda sumir að fuglahundadeild sé sammerkjari fyrir allar tegundir fuglahunda og hafa ekki vitneskju um að Vorsteh-hundar séu til.

Stjórn Vorstehdeildar sendi einnig inn erindi til HRFI um að FHD og Vorstehdeild skiptust á um að halda alhliðaveiðipróf annað hvert ár.

Þá væri hægt að halda tveggja daga próf, laugardag og sunnudag og flytja inn dómara sem er með menntun til að dæma slík próf.

Eins og fram kom hér að ofan áætla Vorstehdeild að halda eitt slíkt próf árið 2010. Fuglahundadeild hefur í mörg ár ekki haldið slík próf, en áhuginn fyrir slíkum prófum kom hjá þeim í fyrra. Settu þeir sitt alhliðaveiðipróf fyrir aftan próf Vorstehdeildar, en færðu það nú í ár fyrir framan próf Vorstehdeildar. Er það skoðun stjórnar Vorstehdeildar að mun meira hagræði fái út úr samvinnu deildanna varðandi alhliðaveiðiprófin og þá hægt að halda tveggja daga próf á hverju ári eins og fram kom að ofan og sé sportinu til framdáttar.

Stjórn Vorstehdeildar sendi erindi til stjórnar HRFI þar sem beðið var um að veiðiprófsreglur yrðu endurskoðaðar að nýju, og var það samþykkt af stjórn HRFI.

Ekki voru allir á eitt sáttir varðandi þá endurskoðun, en kom þó fljótlega í ljós að sú endurskoðun hafi átt rétt á sér.

Stjórn Vorstehdeildar fékk tölvupóst sem var frá félagsmanni HRFI og HRFI áframsendi til stjórnar Vorstehdeildar. Þar mátti skilja að verið væri að lýsa vantrausti á stjórn Vorstehdeildar. Ástæðan var sú að Vorstehdeild hafði tekið þátt í vinnuhundadögum sem haldnir voru af Dobermann Ísland, en kynntir

undir nafni annars aðila. Stjórn Vorstehdeildar fékk því rangar upplýsingar þegar þetta var kynnt fyrir stjórninni.

Í framhaldinu af því bréfi fór stjórn Vorstehdeildar á fund með stjórn HRFI til að útskýra sitt mál og var stjórn Vorstehdeildar beðin afsökunar á þessum misskilningi.

Byrjað er að vinna að gagnagrunni fyrir Vorsteh-hunda á Íslandi. Hefur Vorstehdeild fengið í lið með sér öflugan einstakling, Arnar Jón Óskarsson sem hefur veg og vanda að þeirri vinnu. Mikill metnaður verður lagður í grunninn og verða allir Vorsteh-hundar frá upphafi á Íslandi settir í grunninn, bæði sýningar og veiðiprófsárangrar.

Verður þetta verkefni kynnt nánar hér á eftir.

Vorstehdeild hefur mikinn metnað og kynnti meðal annars fyrst deilda grúppu 7 hunda gæðastaðla á gotum. Hægt er að kynna sér þá staðla á heimasíðu deildarinnar en Vorstehdeild getur vissulega verið stolt af metnaði sínum.

Tveir einstaklingar leituðu eftir álit stjórnar Vorstehdeildar um val á heppilegum undaneldishundum. Er það ánægjulegt þar sem það er einn af tilgangi stjórnar ræktunardeilda að ráðleggja ræktendum sem vilja nýta sér þekkingu stjórnar. Er það skoðun stjórnar Vorstehdeildar að allir ræktendur ættu að fá álit stjórnar, en tekið skal fram að álit stjórnar er ekki bindandi.

25 Vorsteh-hvolpar litu dagsins ljós á starfsárinu, 18 Snögghærðir og 7 Strýhærðir. Vorsteh-hundar hafa um árabíl verið langvinsælustu grúppu 7 hundarnir á Íslandi og virðast ætla að halda því sæti og skildi engan undra. Einnig er vitað um í það minnsta tvö got sem eru væntanleg á þessu ári ef allt gengur að óskum.

4 Vorsteh-hundar voru fluttir inn á starfsárinu 3. tíkur og einn rakki. Allir þessir hundar koma frá metnaðarfullum ræktendum frá Noregi sem bæði hafa gert það gott á sýningum og veiðiprófum þar í landi.

Það er gaman að sjá hversu mikill metnaður er hjá fólki sem flytur inn hunda erlendis frá. Til styttri og lengri tíma litið er þetta frábært fyrir

framtíðarmöguleika ræktenda, að fá nýtt blóð við það góða blóð sem fyrir er á landinu.

3 meistarar voru krýndir á árinu. Zetu Jökla varð Íslenskur meistari og fær stafina ISCh fyrir framan nafnið.

Moli varð Íslenskur veiðimeistari og fær stafina ISFtCh. Þess má geta að tölvvert langt er síðan Moli uppfyllt öll skilyrði til veiðimeistara, en ekki var sótt um titilinn fyrr en á síðasta ári.

Skerðingstaða Píla varð alþjóðlegur meistari og fær stafina C.I.B. fyrir framan nafn.

Óskum við eigendum þeirra innilega til hamingju með frábæra fulltrúa sinnar tegundar.

Ekki er hægt að láta hjá líða án þess að tala sérstaklega um árangra Strýhærðu Vorsteh-hundanna. Það má með sanni segja að þeir Strýhærðu hafi brotið blað í fuglahundasögunni hér á landi. Árið 2009 fékk Strýhærða tíkin Yrja, fyrst Strýhærðra Vorsteh-hunda á Íslandi fyrstu einkunn í veiðiprófi, ekki eina heldur þrjár. Tvær í UF og eina í OF og ekki nóg með það heldur vann hún einnig keppnisflokk 22. September 2009 ásamt því að ná nægilega mörgum punktum í alhliðaprófi sem samsvarar fyrstu einkunn eftir samtengingu við próf á heiðinni. Frábær árangur hjá þessari ungu tík.

Strýhærði rakkinn Nói sem er bróðir Yrju fékk einnig sína fyrstu, fyrstu einkunn á árinu. Er þetta einstakur árangur hjá þeim Strýhærðu þar sem fáir þeirra hafa tekið þátt í prófum.

Þau systkyn hafa einnig verið að skora mjög hátt á þeim sýningum sem þau hafa tekið þátt í.

Þess má einnig geta að Yrja er stigahæðsti unghundur Vorstehdeildar fyrir árið 2009 með 18 stig og Snögghærða tíkin Esjugrundar Spyrna var stigahæðst í opnum flokki með 20 stig.

Óskar stjórn Vorstehdeildar þeim Lárusi og Svafari innilega til hamingju með frábæran árangur.

Eins og að ofan kemur fram hefur starf Vorstehdeildar verið öflug á starfsárinu sem nú er liðið. Það er af mörgu að taka og viðbúið að einhverjum finnist eitthvað vanta sem máli skiptir að nefna.

Vorstehdeild hefur haldið fjölmarga stjórnarfundum á starfsárinu, eða að meðaltali einn fund í mánuði.

Stjórn Vorstehdeildar hefur verið mjög samhent í þeim málum sem hún hefur komið að á starfsárinu og vil ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir mjög gott samstarf.

Þetta er annað starfsár Vorstehdeildar sem nú er að renna sitt skeið. Mikið hefur áunnist frá stofnun deildarinnar og er það okkar tilfinning að deildin sé kominn á gott skrið.

Ég er sannfærður um að framtíð Vorsteh-hunda sé björt hér á landi. Vel hefur verið staðið að verkum eins og árangrar Vorsteh-hunda bera vott um og er engin ástæða til að ætla að það breytist. Vorsteh-hundar munu áfram verða vinsælustu grúppu 7 hundar hérlendis, en við skulum samt muna að halda vöku okkar og vanda okkur áfram. Þannig verðum við áfram fremst á meðal jafningja.

Fyrir hönd stjórnar Vorstehdeildar  
Kjartan Antonsson formaður Vorstehdeildar



